

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1508**2020/EES/87/03**

frá 28. ágúst 2017

um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Geiratengd tilvísunarskjöl, sem framkvæmdastjórnin þróaði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1221/2009, eru nauðsynleg til að auðvelda fyrirtækjum/stofnunum í tilteknum geira að einbeita sér betur að mikilvægustu þáttunum í umhverfisstjórnun sinni og stuðla að því að meta, gefa skýrslur um og bæta umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar. Þau ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, umhverfisárangursvísa og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi sem gera það kleift að tilgreina umhverfisárangur í þessum geirum.
- 2) Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, sem eru kynntar í viðaukanum við þessa ákvörðun, fjalla um helstu umhverfismál sem voru tilgreind fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann. Þær ættu einnig að stuðla að meira hringlaga hagkerfi með því að ákvarða markvissar aðgerðir til að bæta úrgangsstjórnun, örva notkun aukaafurða og koma í veg fyrir matarsóun.
- 3) Fyrirtækjum/stofnunum, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, er ekki skylt að uppfylla árangursviðmiðanirnar sem eru tilgreindar í geiratengda tilvísunarskjalinu þar eð kerfið eftirlætur fyrirtækjunum/stofnunum það sjálfum að meta hvort viðmiðanirnar séu hagkvæmar með tilliti til kostnaðar og ábata.
- 4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 er fyrirtækjum/stofnunum, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skylt að taka tillit til geiratengdra tilvísunarskjala þegar þau/þær þróa umhverfisstjórnunarkerfi sitt og þegar þau/þær meta umhverfisárangur sinn í umhverfisyfirlýsingunni sem er tekin saman í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 223, 30.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 98, 12.12.2019, bls. 48.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um „að koma á fót vinnuáætlun með leiðbeinandi skrá yfir geira að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾, er matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirinn, sem fjallað er um í viðaukanum við þessa ákvörðun, tilgreindur sem forgangsgeiri til samþykktar á geiratengdum tilvísunarskjölum og tilvísunarskjölum sem liggja þvert á skiptingu í geira.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Geiratengda tilvísunarskjalið um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann er birt í viðaukanum.

2. gr.

Fyrirtæki/stofnanir í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeiranum, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, skulu taka tillit til geiratengda tilvísunarskjalsins, sem um getur í 1. gr., og skulu því:

- nota viðeigandi þætti geiratengda tilvísunarskjalsins þegar umhverfisstjórnunarkerfið er þróað og innleitt í ljósi umhverfisrýni,
- nota viðeigandi geiratengda umhverfisárangursvísa, sem lýst er í geiratengda tilvísunarskjalinu, til að gefa skýrslu um frammistöðu sem tengist sértækari umhverfisþáttum sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisyfirlýsingu sinni,
- geta þess í umhverfisyfirlýsingu sinni hvernig tekið hefur verið tillit til viðeigandi bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðana við að meta umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar og þætti sem tengjast þeirri frammistöðu.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 358, 8.12.2011, bls. 2.

VIÐAUKI

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	96
2.	GILDISSVIÐ	98
3.	BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN, UMHVERFISÁRANGURSVÍÐAR OG ÁRANGURSVIÐ- MIÐANIR FYRIR MATVÆLA- OG DRYKKJARVÖRUFAMLEIÐSLUGEIRANN	101
3.1.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir allan matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann	101
3.1.1.	Framkvæmd mats á umhverfislegri sjálfbærni vara og/eða starfsemi	101
3.1.2.	Sjálfbær stjórnun aðfangakeðju	101
3.1.3.	Umbúðir bættar eða valdar til að lágmarka umhverfisáhrif	102
3.1.4.	Umhverfisvæn hreinsunarstarfsemi	103
3.1.5.	Flutninga- og dreifingarstarfsemi bætt	104
3.1.6.	Frysting og kæling bætt	105
3.1.7.	Nýting orkustjórnunar og bætt orkunýtni í allri starfsemi	106
3.1.8.	Samþætting endurnýjanlegrar orku í framleiðsluferlum	107
3.1.9.	Komist hjá matarsóun í framleiðslustarfsemi	107
3.1.10.	Tillit tekið til tilvísunarskjals um bestu, fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaði (FDM BREF)...	108
3.2.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við vinnslu á kaffi	109
3.2.1.	Dregið úr orkunotkun með því að forhita grænt kaffi í kaffibrennslulotu	109
3.3.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á ólífufólú	109
3.3.1.	Vatnsnotkun lágmarkuð við skiljun ólífufólú	109
3.3.2.	Minni þvottur á ólífum við viðtöku	110
3.4.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á gosdrykkjum	110
3.4.1.	Notkun á blásurum við þurrkun á flöskum/umbúðum	110
3.5.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við bjórgerð	111
3.5.1.	Dregið úr orkunotkun í maltvökvasuðu	111
3.5.2.	Skípt úr lotukerfi yfir í órofið gerjunarkerfi	111
3.5.3.	Endurheimt koltvísýrings í bjórframleiðslu.....	112
3.6.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á kjöti og afurðum úr alifuglakjöti	112
3.6.1.	Háþrýstivinnsla til að afmenga kjöt	112
3.7.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á ávaxtasafa	113
3.7.1.	Virðisaukandi notkun á ávaxtaleifum	113
3.8.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við ostagerðarstarfsemi	113
3.8.1.	Endurheimt mysu	114
3.9.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á brauði, kexi og kókum	114
3.9.1.	Kerfi til að minnka úrgang í formi óselds brauðs	114
3.9.2.	Lágmarkun orkunotkunar við bakstur	115
3.10.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á víni	115
3.10.1.	Dregið úr vatnsnotkun, myndun lífræns úrgangs og orkunotkun í víngerðarhúsinu	115
4.	GEIRATENGDIR LYKILUMHVERFISÁRANGURSVÍÐAR SEM MÆLT ER MEÐ	116

1. INNGANGUR

Þetta geiratengda tilvísunarskjal byggist á ítarlegri vísinda- og stefnuskýrslu ⁽¹⁾ („Best Practice Report“ (skýrsla um bestu starfsvenjur)) frá Stofnuninni um framvirkar tæknirannsóknir (e. *Institute for Prospective Technological Studies* (IPTS)), sem er ein af sjö stofnunum Sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (JRC).

Lagalegur bakgrunnur sem skiptir máli

Umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana var innleitt 1993 með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 ⁽²⁾. Eftir það hefur umhverfisstjórnunarkerfi ESB tvívegis verið endurskoðað í veigamiklum atriðum:

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 ⁽³⁾.

— Reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

Mikilvægur, nýr þáttur í seinni endurskoðuninni, sem öðlaðist gildi 11. janúar 2010, er 46. grein um samningu geiratengdra tilvísunarskjala. Geiratengdu tilvísunarskjölin verða að ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun (BEMP), umhverfisárangursvísa fyrir tiltekna geira og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi til að tilgreina árangur.

Hvernig ber að skilja og nota þetta skjal

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB er kerfi fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana sem eru skuldbundin til bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum. Í þessu geiratengda tilvísunarskjali eru gefnar sérstakar leiðbeiningar fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann innan ramma þessa kerfis og bent á ýmsa valkosti fyrir umbætur sem og bestu starfsvenjur.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi skjalið og notaði upplýsingar frá hagsmunaaðilum. Tæknilegur vinnuhópur sérfræðinga og hagsmunaaðila í geiranum, sem stýrt var af Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar, ræddi og samþykkti síðan bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir sem lýst er í þessu skjali; þessar viðmiðanir töldust einkum svara til þess árangurs í umhverfismálum sem þau fyrirtæki/stofnanir í geiranum, sem standa sig best, hafa náð.

Tilgangurinn með geiratengda tilvísunarskjalinu er að aðstoða og styðja öll fyrirtæki/stofnanir, sem hyggjast bæta árangur sinn í umhverfismálum, með því að veita þeim hugmyndir og innblástur sem og hagnýtar og tæknilegar leiðbeiningar.

Geiratengda tilvísunarskjalinu er fyrst og fremst beint til fyrirtækja/stofnana sem eru þegar skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, í öðru lagi til fyrirtækja/stofnana sem eru að floga skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið síðar meir og í þriðja lagi til allra fyrirtækja/stofnana sem vilja læra meira um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun í þeim tilgangi að bæta árangur sinn í umhverfismálum. Markmiðið með þessu skjali er þar af leiðandi að auðvelda öllum fyrirtækjum/stofnunum í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeiranum að einbeita sér að umhverfisþáttum sem skipta máli, bæði beint og óbeint, og afla sér upplýsinga um bestu starfsvenjur í umhverfismálum, sem og um viðeigandi, geirabundna árangursvísa í umhverfismálum í því skyni að mæla árangur sinn í umhverfismálum, og árangursviðmiðanir.

Hvernig fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjalanna

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 skulu fyrirtæki/stofnanir, sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjalanna á tveimur mismunandi stigum:

Við þróun og framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis í ljósi umhverfisrýni (b-liður 1. liðar 4. gr.).

⁽¹⁾ Vísinda- og stefnuskýrslan er aðgengileg öllum á vefsíðu JRC/IPTS með þessu veffangi: <http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/FoodBeverageBEMP.pdf> Ályktanirnar, sem koma fram í þessu geiratengda tilvísunarskjali varðandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og notkunarsvið þeirra sem og tilgreinda, sértæka umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir, byggjast á niðurstöðum sem eru skjalfestar í vísinda- og stefnuskýrslunni. Þar má finna allar bakgrunnsupplýsingar og tæknilegar upplýsingar.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi Bandalagsins (Stj.íð. EB L 168, 10.7.1993, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stj.íð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

Fyrirtæki/stofnanir skulu nota viðeigandi þætti geiratengda tilvísunarskjalsins þegar þau/þær skilgreina og rýna sértæk og almenn umhverfismarkmið sín í samræmi við viðkomandi umhverfisþætti, sem auðkenndir eru í umhverfisrýni og -stefnu, og einnig þegar þau/þær ákveða hvaða aðgerðir eigi að framkvæma til að bæta umhverfisárangur þeirra.

Þegar umhverfisfyrirlýsingin er útbúin (d-liður 1. mgr 4. gr. og 4. mgr. 4. gr.).

- a) Fyrirtæki/stofnanir skulu huga að viðkomandi geirabundnum umhverfisárangursvísnum í geiratengdu tilvísunarskjölunum þegar þau velja vísa ⁽¹⁾ sem á að nota í skýrslugjöf um umhverfisárangur.

Þegar safn vísa er valið til skýrslugjafar skulu þau taka tillit til vísanna sem lagðir eru til í samsvarandi geiratengdu tilvísunarskjali og gildi þeirra að því er varðar mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýninni. Aðeins þarf að taka tillit til vísa ef þeir skipta máli fyrir þá umhverfisþætti sem teljast vera mikilvægastir í umhverfisrýninni.

- b) Þegar fyrirtæki/stofnanir gefa skýrslu um umhverfisárangur og um aðra þætti sem varða umhverfisárangur skulu þau geta þess í umhverfisfyrirlýsingunni hvernig tekið hefur verið tillit til viðeigandi bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og, ef þær eru fyrir hendi, árangursviðmiðana.

Þau skulu lýsa því hvernig viðkomandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðanir (sem gefa vísbendingu um þann árangur í umhverfismálum sem þeir sem standa sig best hafa náð) voru notaðar til að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir og hugsanlega til að ákveða forgangsröð í því skyni að bæta (enn frekar) árangurinn í umhverfismálum. Hinsvegar er það ekki skylda að innleiða bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eða uppfylla tilgreindar árangursviðmiðanir þar eð umhverfisstjórnunarkerfið byggist á valfrelsi og það er því á valdi fyrirtækjanna/stofnananna sjálfra að meta hvort viðmiðanirnar og innleiðing bestu starfsvenja séu hagkvæmar með tilliti til kostnaðar og ábata.

Fyrirtækið/stofnunin skal meta mikilvægi og notkunarsvið bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðana, á svipaðan hátt og umhverfisárangursvísa, í samræmi við mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýninni ásamt tæknilegum og fjárhagslegum þáttum.

Ekki skal greina frá eða lýsa þeim þáttum geiratengdu tilvísunarskjala (vísnum, bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun eða árangursviðmiðunum), sem ekki teljast skipta máli fyrir mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtæki/stofnanir tilgreina í umhverfisrýninni, í umhverfisfyrirlýsingunni.

Þátttaka í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er viðvarandi ferli. Í hvert sinn sem fyrirtæki/stofnun hyggst bæta árangur sinn í umhverfismálum (og endurskoðar árangur sinn í umhverfismálum) skal fyrirtækið/stofnunin skoða tiltekin þemu í geiratengda tilvísunarskjalinu til að fá hugmyndir um hvaða málefni skuli glíma við næst með þrepaskiptri aðferð.

Umhverfissannprófundur umhverfisstjórnunarkerfis ESB skulu kanna hvort og hvernig fyrirtækið/stofnunin hefur tekið mið af geiratengda tilvísunarskjalinu við gerð umhverfisfyrirlýsingar sinnar (d-liður 5. mgr.18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009).

Þegar úttekt er gerð þurfa faggiltir umhverfissannprófundur að fá sönnunargögn frá fyrirtækinu/stofnuninni sem sýna hvernig viðkomandi þættir í geiratengda tilvísunarskjalinu voru valdir og tillit tekið til þeirra í ljósi umhverfisrýnnar. Þeir eiga ekki að kanna samræmi við árangursviðmiðanirnar, sem lýst er, heldur sannprófa sönnunargögnin sem sýna hvernig geiratengda tilvísunarskjalið hefur verið notað til leiðbeiningar við ákvörðun vísa og tilhlýðilegra, valfrjálsra ráðstafana sem fyrirtækið getur hrundið í framkvæmd til að bæta árangur sinn í umhverfismálum.

Í ljósi þess að umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geiratengdu tilvísunarskjölin byggja á valfrjálsri þátttöku skal ekki leggja neina óhóflega byrði á fyrirtæki/stofnanir um að veita slík sönnunargögn. Einkum skulu sannprófundur ekki krefjast sérstaks rökstuðnings fyrir hverri bestu starfsvenju, geiratengdum umhverfisárangursvísnum og árangursviðmiðunum sem nefnd eru í geiratengda tilvísunarskjalinu og sem fyrirtækið/stofnunin telja að skipti ekki máli í ljósi umhverfisrýnnar. Engu að síður gætu þeir lagt til viðeigandi viðbótarþætti fyrir fyrirtækið/stofnunina til að taka tillit til í framtíðinni sem frekari sannana um skuldbindingu fyrirtækisins/stofnunarinnar til að bæta stöðugt árangur sinn.

(1) Samkvæmt IV. viðauka (e-liður B-liðar) reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal umhverfisfyrirlýsingin innihalda „samantekt á fyrirliggjandi gögnum um árangur fyrirtækis/stofnunar í tengslum við almenn og sértæk markmið í umhverfismálum og með tilliti til verulegra umhverfisáhrifa. Skýrslugjöfin skal beinast að kjarnavísbendum og að öðrum fyrirliggjandi vísbendum um árangur í umhverfismálum, sbr. C-lið IV. viðauka kemur fram að „hvert fyrirtæki/stofnun skal einnig gefa skýrslu árlega um árangur sinn sem varðar sértækari umhverfisþætti sem hafa verið tilgreindir í umhverfisfyrirlýsingu fyrirtækisins/stofnunarinnar og, ef hægt er, taka tillit til þeirra geiratengdu tilvísunarskjala sem um getur í 46. gr.“

Uppbygging geiratengda tilvísunarskjalsins

Þetta skjal er í fjórum þáttum. Í 1. þætti er lagalegur bakgrunnur umhverfisstjórnunarkerfis ESB (EMAS) kynntur og því lýst hvernig nota eigi skjalið en í 2. þætti er notkunarsvið geiratengda tilvísunarskjalsins skilgreint. Í 3. þætti er stutt lýsing á mismunandi bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun ⁽¹⁾ ásamt upplýsingum um notkunarsvið þeirra, bæði almennt og að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Þegar hægt er að setja fram tiltekna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir tiltekna bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun er það einnig tekið fram. Sumir vísar og viðmiðanir eiga við um fleiri en eina af bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun og eru því endurtekin hvenær sem það á við. Að lokum er sett fram yfirlitstafla í 4. þætti með völdum umhverfisárangursvísium sem mestu máli skipta ásamt viðeigandi skýringum og tilheyrandi árangursviðmiðunum.

2. GILDISSVIÐ

Þetta geiratengda tilvísunarskjal fjallar um umhverfisárangur m.t.t. starfsemi matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirans. Í þessu skjali tekur matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirinn til fyrirtækja sem tilheyra eftirfarandi kóðadeildum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (samkvæmt tölfraðilegu atvinnugreinaflokkuninni sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽²⁾):

- Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10: matvælaframleiðsla.
- Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 11: framleiðsla á drykkjarvörum.

Bestu starfsvenjum, sem eru kynntar fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann í heild sinni (liður 3.1), er beint til allra fyrirtækja sem tilheyra kóðum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10 og 11.

Eftirfarandi tvær töflur sýna mikilvægustu beinu og óbeinu umhverfisþættina ⁽³⁾ fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, helsta tengda umhverfisálágið og hvernig brugðist er við því í þessu skjali. Fjallað er um þá, annaðhvort í bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun sem lýst er í lið 3.1 eða með vísun í önnur tiltæk tilvísunarskjöl, s.s. tilvísunarskjal um bestu, fánlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF) ⁽⁴⁾.

Tafla 2.1

Mikilvægustu beinu umhverfisþættirnir fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur og hvernig fjallað er um þá í geiratengda tilvísunarskjalinu

Mikilvægustu beinu umhverfisþættirnir	Helsta tengda umhverfisálág	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Iðnaðarferli og tengd starfsemi	Losun í vatn	— Tilvísun í bestu, fánlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fánlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF)
	Losun í andrúmsloft (NO _x , SO _x , rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC), efnisagnir)	— Tilvísun í bestu, fánlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fánlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF)
	Myndun úrgangs í föstu formi	— Tilvísun í bestu, fánlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fánlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF) — Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að komast hjá matarsóun í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (liður 3.1.9)

(1) Ítarleg lýsing á hverri bestu starfsvenju fyrir sig með hagnýtum leiðbeiningum um hvernig eigi að koma þeim í framkvæmd er aðgengileg í skýrslu um bestu starfsvenjur, sem Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin gaf út, og er aðgengileg á Netinu á <http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/FoodBeverageBEMP.pdf> Stofnanir/fyrirtæki eru hvött til að hafa samráð ef þær/þau hafa áhuga að fræðast nánar um einhverjar af bestu starfsvenjunum sem lýst er í þessu geiratengda tilvísunarskjali.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjút. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.).

(3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 vísar „beinn umhverfisþáttur“ til umhverfisþátta sem tengist starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar sjálfar sem það eða hún hefur beina stjórn á. Aftur á móti vísar „óbeinn umhverfisþáttur“ til umhverfisþátta sem stafar af samskiptum fyrirtækis/stofnunar og þriðju aðila og getur orðið fyrir umtalsverðum áhrifum frá fyrirtækinu/stofnuninni.

(4) Til að fá frekari upplýsingar um innihald tilvísunarskjala um bestu fánlegu tækni og tæmandi útskýringu á skilyrðum og upphafsstaforðum er vísað til vefseturs Evrópuskrifstofu um samþættar mengunarvarir og eftirlit með mengun: <http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/>

Mikilvægustu beinu umhverfisþættirnir	Helsta tengda umhverfisálag	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
	Vatnsnotkun	— Tilvísun í bestu, fáanlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF)
	Orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda (CO ₂)	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að útfæra orkustjórnun og orkunýtni í allri starfsemi (liður 3.1.7) — Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að samþætta endurnýjanlega orku í framleiðsluferlum (liður 3.1.8)
Kæling	Orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda (kælimiðlar)	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að bæta frýstingu og kælingu (liður 3.1.6)
Hreinsunarstarfsemi	Vatnsnotkun, iðefnanotkun, myndun skólps	— Tilvísun í bestu, fáanlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF) — Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við umhverfsvæna hreinsunarstarfsemi (liður 3.1.4)
Flutningar og vörustjórnun	Orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda, losun í andrúmsloft (CO ₂ , CO, SO ₂ , NO _x , efnisagnir o.s.frv.)	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við flutninga og vörustjórnun
Umbúðir	Losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun, eyðing auðlinda (notkun efniviðar)	— Tilvísun í bestu, fáanlegu tækni í tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni fyrir matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinn (FDM BREF) — Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að bæta eða velja umbúðir til að lágmarka umhverfisáhrif (liður 3.1.3)

Tafla 2.2

Mikilvægustu óbeinu umhverfisþættirnir fyrir alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur og hvernig fjallað er um þá í geiratengda tilvísunarskjalinu

Mikilvægustu óbeinu umhverfisþættirnir	Helsta tengda umhverfisálag	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Stjórnun aðfangakeðju	Losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun, vatnsnotkun, losun í andrúmsloft o.s.frv.	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við sjálfbæra stjórnun aðfangakeðju (liður 3.1.2)
Landbúnaður	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO ₂ , CH ₄), tap á líffræðilegri fjölbreytni, losun í andrúmsloft, ofauðgun, vatnsnotkun	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við sjálfbæra stjórnun aðfangakeðju (liður 3.1.2) — Tilvísun til geiratengds tilvísunarskjals um landbúnaðargeirann – nytjaplönturæktun og dýraframleiðslu (¹)

Mikilvægustu óbeinu umhverfisþættirnir	Helsta tengda umhverfisálag	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Umbúðir	Losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun, eyðing auðlinda (notkun efniviðar)	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að bæta eða velja umbúðir til að lágmarka umhverfisáhrif (liður 3.1.3)
Flutningar og vörustjórnun	Orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda, losun í andrúmsloft (CO ₂ , CO, SO ₂ , NO _x , efnisagnir o.s.frv.)	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við flutninga og vörustjórnun
Smásala	Orkunotkun, myndun matarúrgangs	— Tilvísun til geiratengds tilvísunarskjals um smásöluverslunina ⁽²⁾
Tilreiðsla neytenda á matvælum	Orkunotkun, myndun matarúrgangs	— Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við að bæta eða velja umbúðir til að lágmarka umhverfisáhrif (liður 3.1.3)

(1) Geiratengt tilvísunarskjal fyrir landbúnaðargeirann – nytjaplönturæktun og dýraframleiðslu og tengd skýrsla um bestu starfsvenjur, sem Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin gaf út, eru aðgengileg á Netinu á: <http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/agri.html>

(2) Geiratengt tilvísunarskjal fyrir smásöluverslunargeirann og tengd skýrsla um bestu starfsvenjur, sem Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin gaf út, eru aðgengileg á Netinu á: <http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/retail.html>

Umhverfisþættirnir, sem eru taldir upp í töflum 2.1 og 2.2, voru valdir sem þeir mikilvægustu fyrir meirihluta matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda. Þó ætti að meta, í hverju tilviki fyrir sig, þá umhverfisþætti sem tiltekin fyrirtæki eiga að hafa umsjón með og hvort hver þáttur er beinn eða óbeinn fyrir tiltekið fyrirtæki. Umhverfisþættir, s.s. hættulegur úrgangur, líffræðileg fjölbreytni eða notkun efniviðar fyrir önnur svið en talin eru upp hér að framan geta einnig skipt máli.

Til viðbótar við bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, sem eru taldar upp í töflum 2.1 og 2.2., geta undirliggjandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við „framkvæmd mats á umhverfislegri sjálfbærni vara og/eða starfsemi“ hjálpað til við að bæta umhverfisárangur m.t.t. allra umhverfisþátta og tengds álags sem kynnt er í töflunum.

Þetta geiratengda tilvísunarskjal inniheldur enn fremur margs konar sértækar bestu starfsvenjur fyrir fjölmarga undirgeira, að frátöldum lýsingum á bestu starfsvenjum fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann í heild sinni (öll fyrirtæki sem tilheyra kóðum atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10 og 11), þ.e.a.s.:

- kaffivinnsla (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.83) í lið 3.2,
- framleiðsla á ólífuoilú (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.41) í lið 3.3,
- framleiðsla á gosdrykkjum (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 11.07) í lið 3.4,
- bjórgerð (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 11.05) í lið 3.5,
- framleiðsla á kjöti og afurðum úr alifuglakjöti (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.13) í lið 3.6,
- framleiðsla á ávaxtasafa (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.32) í lið 3.7,
- ostagerðarstarfsemi (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.51) í lið 3.8,
- framleiðsla á brauði, kexi og kökum (kóði atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins 10.71 og 10.72) í lið 3.9,
- framleiðsla á víni (atvinnugreinaflokun Evrópusambandsins 11.02) í lið 3.10.

3. BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN, UMHVERFISÁRANGURSVÍÐAR OG ÁRANGURSVIÐMIÐANIR FYRIR MATVÆLA- OG DRYKKJARVÖRUFramLEIÐSLUGEIRANN

3.1. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir allan matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirann**

Þessi liður beinist að öllum matvæla- og drykkjarvöruframleiðendum (kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10 og 11).

3.1.1. *Framkvæmd mats á umhverfislegri sjálfbærni vara og/eða starfsemi*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að meta umhverfisáhrif frá vörum og starfsemi með því að nota vistferilsgreiningartól ⁽¹⁾ til að greina forgangssvæði til aðgerða, eða „áherslustaði“, og skilgreina stefnuáætlun til að draga úr umhverfisáhrifum.

Notkunarsvið

Við gerð mats á umhverfislegri sjálfbærni geta matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur staðið frammi fyrir margs konar áskorunum, þ.m.t. flækjustig vöru og aðgengileiki upplýsinga; það getur verið dýrt og tímafrekt að gera vistferilsgreiningar og tiltekin umhverfisáhrif eru e.t.v. ekki á valdi framleiðandans og þar af leiðandi erfitt að bregðast við þeim, jafnvel þótt unnt sé að magngreina þau.

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um lítil og meðalstór fyrirtæki í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeiranum, að því gefnu að þau geti notað einfölduð töl þegar þau hafa hvorki getu né úrræði til að gera fulla vistferilsgreiningu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvíðar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvíðar	Árangursviðmiðanir
i1) Hlutfall staða eða vara ⁽¹⁾ sem eru metnar með því að nota viðurkennda aðferðarlýsingu við mat á umhverfislegri sjálfbærni (í %).	b1) Gert er mat á umhverfislegri sjálfbærni sem nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins. b2) Framkvæmt er mat á umhverfislegri sjálfbærni allra nýrra vara í þróun.
i2) Fjöldi staða eða vara sem eru metnar með því að nota viðurkennda aðferðarlýsingu við mat á umhverfislegri sjálfbærni.	

⁽¹⁾ Hægt er að reikna út hlutfall vara (hér og í eftirfarandi sambærilegum vísum) með því að hafa í huga heildarmagn mismunandi vörutegunda sem eru framleiddar og hversu margar tegundir vara eru metnar, t.d. með því að nota viðurkennda aðferðarlýsingu við mat á umhverfislegri sjálfbærni eða með því að veita sölugagn hvorrar vörutegundar sem er framleidd.

3.1.2. *Sjálfbær stjórnun aðfangakeðju*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að stjórna aðfangakeðjunni, einkum innihaldsefnum eða hráefnum, með því að velja eina eða fleiri af eftirtöldum þremur aðferðum:

- græn innkaup, t.d. að velja birgja sem uppfylla tilgreindar umhverfisárangursviðmiðanir ⁽²⁾,
- að aðlaga uppskriftir til að fjarlægja ósjálfbær innihaldsefni,
- að styðja birgja, sem fyrir eru, við að bæta umhverfisárangur sinn.

⁽¹⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þróaði aðferðir við mælingu umhverfisspors vöru (e. *Product Environmental Footprint (PEF)*) og mælingu umhverfisspors stofnana og fyrirtækja (e. *Organisation Environmental Footprint (OEF)*) með það að markmiði að koma á sameiginlegri aðferð til að mæla vistvænleika. Notkun þessara aðferða var viðfangsefni tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2013 (<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32013H0179>). Vöru- og geirasértækar reglur eru í prófun (á árunum 2013–2016) hjá yfir 280 fyrirtækjum og stofnunum, sem buðu sig fram, sem eru hópuð í 26 tilraunahópa (sjá skrá á http://ec.europa.eu/environment/eussd/smgp/ef_pilots.htm).

⁽²⁾ Umhverfisárangursviðmiðanirnar, sem eru notaðar við græn innkaup, mega byggjast á vottunum, stöðlum, umhverfismarkjum, einkaframtaki/samstarfi eða niðurstöðum úr mati á sjálfbærni (sjá bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.1) sem er þróað hið innra eða hið ytra.

Þar að auki, að því er varðar þá matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur sem nota mikið magn af vatni sem innihaldsefni (t.d. drykkjarvöruframleiðendur), eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að meta fyrst þá áhættu sem framleiðslustaðurinn skapar fyrir vatnsauðlindir á staðnum. Síðar er hægt að setja upp áætlun um sjálfbærni vatnsauðlindar með útlistun á sértækum aðgerðum sem hægt er að gera til að styrkja varðveislu vatnsauðlinda á staðnum.

Notkunarsvið

Sjálfbær stjórnun aðfangakeðju getur verið einhverjum takmörkunum háð: i) í aðferðinni græn innkaup er gengið út frá því að „grænir“ kostir séu tiltækir, ii) unnt er að aðlaga uppskriftir ef unnt er að skipta ósjálfbærum innihaldsefnum út fyrir jafngilda sjálfbærari staðgöngukosti og iii) það er e.t.v. ekki alltaf unnt að hafa áhrif á frammistöðu birgja sem fyrir eru, t.d. vegna þess að lítið eða meðalstórt fyrirtæki kaupir lítið af vörum. Þó eiga þær þrjár aðferðir sem kynntar eru í flestum tilvikum almennt við.

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, með fyrrnefndum takmörkunum, eiga að öllu leyti við fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugerianum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i3) Hlutfall innihaldsefna eða vara (t.d. umbúðir) sem uppfylla sértækar viðmiðanir fyrirtækisins um sjálfbærni eða eru í samræmi við fyrirliggjandi staðla um sjálfbærni (í % eða virði í evrum)	—
i4) Hlutfall innihaldsefna eða vara (t.d. umbúðir) sem er aflað gegnum græn innkaup (í % eða virði í evrum)	
i5) Hlutfall birgja sem taka þátt í áætlunum til að bæta sjálfbærni (fjöldi birgja í % eða virði þeirra vara sem þeir afhenda í evrum)	
i6) Hlutfall birgja sem eru með umhverfisstjórnunarkerfi til staðar (fjöldi birgja í % eða virði þeirra vara sem þeir afhenda í evrum)	

3.1.3. Umbúðir bættar eða valdar til að lágmarka umhverfisáhrif

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka umhverfisáhrif umbúða (þ.e. fyrsta-, annars- og þriðjastigs umbúðir) í öllum vistferli vörunnar, t.d. með því að nota:

- vishönnunartól til að líkja eftir umhverfisárangri umbúðanna meðan hönnun stendur yfir,
- léttari umbúðir, þ.e. umbúðir sem vega minna en veita sömu vernd,
- innihaldsefni sem birgjar afhenda fyrirtækinu í stórum einingum,
- enduráfillingar, þ.e. enduráfillanlegar umbúðir sem á að skila til matvæla- og drykkjarvöruframleiðanda,
- annars- og þriðjastigs umbúðir sem má skila,
- umbúðir sem innihalda endurunnið efni,
- umbúðir sem innihalda lífræn plastefni, að því tilskildu að hægt sé að sanna umhverfislegan ávinning af þessu vali.

Enn fremur eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur að hjálpa neytendum að draga úr matarúrgangi sem verður til hjá þeim með því að:

- nota loftskiptar umbúðir til að auka geymsluþol vara,
- ákvarða bestu skammtastærð umbúðanna með það í huga að þjóna betur mismunandi lífsstíl og heimilum til að minnka afganga,
- setja skilaboð á umbúðir þar sem mælt er með bestu geymslu matvælna til að komast hjá því að þau skemmist.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i7) Umbúðatengd koltvísýringslosun miðað við þyngd/rúmmálseiningu framleiddrar vöru (umbúðir í g CO _{2eq} /g eða ml af vöru)	b3) Visthönnunartól er notað við hönnun umbúða til að koma auga á valkosti sem hafa lítil umhverfisáhrif.
i8) Þyngd umbúða miðað við þyngd/rúmmálseiningu framleiddrar vöru (g af umbúðum/g eða ml af vöru)	
i9) Hlutfall umbúða sem er endurvinnanlegt efni (í %)	
i10) Hlutfall endurunnins efniviðar í umbúðum (í %)	
i11) Meðaltalsþéttleiki vöruflokks nettó miðað við rúmmál pakkaðrar vöru (kg af vöru/l af pakkaðri vöru)	

3.1.4. Umhverfisvæn hreinsunarstarfsemi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að minnka magn vatns, orku og íðefna sem eru notuð við hreinsunarstarfsemi með:

- því að koma í framkvæmd og besta kerfi til hreinsunar á staðnum (CIP) með hagkvæmum hreingeringarefnum (t.d. hreinsun með ískrapi (e. *ice pigging*)), nákvæmri hönnun og tilhögun, mælingu og stjórnun á hitastigi þvotta- og hreinsiefna og styrk, notkun á krafrænu álagi eins og við á, endurnotkun á endanlegu skolvatni til forskolunar, endurvinnslu á þvotta- og hreinsiefnum og með því að nota rauntímasannprófun á hreinsun,
- bestun handvirkar hreinsunarstarfsemi með því að efla vitund, vakta orku, vatn og íðefni sem eru notuð og þurrhreinsun og hreinsun búnaðar eins fljótt og unnt er eftir notkun,
- því að lágmarka eða komast hjá notkun hættulegra íðefna með því að fanga og endurnýta hreinsiefni og nota skaðlausari íðefni og lífræn íðefni,
- betri áætlanagerð í framleiðslu til að komast hjá breytingum á framleiðsluferlinu sem útheimta að búnaðurinn sé hreinsaður,
- betri hönnun stöðvar með því að bæta hönnun kerja, lagna o.s.frv. til að losna við svæði sem þvotta- og hreinsiefni ná ekki til eða þar sem vökvar safnast upp.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Þó geta einhverjar takmarkanir orðið þegar þörf er á verulegum fjárfestingum til að setja upp þróaðri hreinsunarkerfi.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i12) Hreinsunartengd orkunotkun á hverja framleiðslueiningu (kWh/þyngd, rúmmál eða fjöldi vara)	—
i13) Hreinsunartengd vatnsnotkun á hverja framleiðslueiningu (m ³ /þyngd, rúmmál eða fjöldi vara)	
i14) Hreinsunartengd vatnsnotkun (m ³) á dag	
i15) Hreinsunartengd skólþmyndun á hverja framleiðslueiningu (m ³ /þyngd, rúmmál eða fjöldi vara)	
i16) Hreinsunartengd skólþmyndun (m ³) á hverja hreinsun	
i17) Magn (kg) eða rúmmál (m ³) hreinsivara sem er notað á hverja framleiðslueiningu (þyngd, rúmmál eða fjöldi vara)	
i18) Hlutfall hreinsiefna (í %) með umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli ⁽¹⁾ (t.d. umhverfismerki ESB)	

(¹) Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) hafa tekið saman undirstaðlaröð (ISO 14020) sem er sértæk fyrir umhverfismerkingar, sem er hluti af umhverfisstaðlaröðinni ISO 14000 og nær yfir þrjár gerðir af merkingarkerfum. Í þessu samhengi er umhverfismerki af „gerð I“ merki sem byggir á mörgum viðmiðunum sem þróað er af þriðja aðila. Dæmi um slíkt á vettvangi ESB er „Umhverfismerki ESB“ eða, á landsvísi eða marghliða vettvangi, „Blaue Engel“, „austurríska umhverfismerkið“ og „Norræna svansmerkið“.

3.1.5. Flutninga- og dreifingarstarfsemi bætt

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að bæta umhverfisáhrif starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar, frá skipulegu/almennu stigi niður í rekstrarleg atriði, með:

- grænum innkaupum og umhverfiskröfum fyrir veitendur flutningaþjónustu,
- vöktun og skýrslugjöf varðandi skilvirkni fyrir alla starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar,
- samþættri skilvirkni í flutningum við ákvarðanir um innkaup og umbúðahönnun,
- því að skipta yfir í skilvirkari flutningsmáta (t.d. með járnbraut, á sjó),
- bestun vöruheimslna (þ.e. varmaeinangrun, staðsetning, stjórnun),
- bestun akstursleiða (fyrir flutninga á vegum): bestun akstursleiðaneta, leiðaskipulagning, notkun fjarvirkni og þjálfun ökumanna,
- lágmarkun umhverfisáhrifa frá ökutækjum með ákvörðunum um innkaup og breytingum með ísetningu endurbótahluta (t.d. kaup á rafknúnum ökutækjum fyrir staðbundnar sendingar eða breytingar á hreyflum stærri ökutækja yfir í jarðgas eða lífgas).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Þó eiga sumar af þeim sértæku ráðstöfunum, sem eru taldar upp hér að framan, e.t.v. ekki við ef fyrirtækið stjórnar ekki eða hefur ekki áhrif á tengda, sértæka starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i19) Sértek losun gróðurhúsalofttegunda við flutninga miðað við vörumagn. Magn koltvísýringsjafngildis í kg (kg CO _{2eq}) sem er losað við flutninga á: tonni, m ³ , vörubretti eða kassa (allt eftir því hvað skiptir máli) eða kg CO _{2eq} á nettómagn (tonn, m ³) af vöru sem er afhent	b4) Að því er varðar samanlagða flutninga- og vörustjórnunarstarfsemi (100%) (þ.m.t. veitendur sem eru þriðju aðilar) er greint frá eftirfarandi vísum: hlutfall (í %) flutninga með mismunandi flutningsmáta; kg CO _{2eq} á m ³ /vörubretti o.s.frv. sem er afhent.
i20) Sértek losun gróðurhúsalofttegunda við flutninga miðað við vörumagn og fjarlægð. Koltvísýringsjafngildi (CO _{2eq}) sem er losað við flutninga á hvert tonn af vöru og kílómetra sem flutt er (kg CO _{2eq} /tonn/km)	b5) Að því er varðar innri starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar er greint frá eftirfarandi vísum: hleðslunýting fyrir vöruflutninga (rúmtak þyngdar eða rúmmáls í %); kg CO _{2eq} á hvern t·km.
i21) Eldsneytisnotkun ökutækis við flutninga á vegum (l/100 km)	b6) Einangrun hitastýrðra vöruheimslna er bestuð.
i22) Heildarorkunotkun vöruheimslna (kWh/m ²) á tilteknu tímabili (t.d. árlega), staðlað með viðeigandi gegnumstreymiseiningu (t.d. kg af vöru nettó)	b7) Meðaleldsneytisnotkun þungaflutningabifreiða er minni en eða jöfn og 30 l/100 km.
i23) Hlutfall flutninga með mismunandi flutningsmáta (í %)	
i24) Hleðslunýting fyrir vöruflutninga (t.d. hleðslunýting vörubifreiðar) (rúmtak þyngdar eða rúmmáls í %)	
i25) Hlutfall ferða með óhlaðið ökutæki (í %)	
i26) Hlutfall sendinga sem eru fluttar á bakaleiðinni (í %)	

3.1.6. Frysting og kæling bætt

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að bæta kælingar- og frystibúnað, sem fyrir er, og verklag með:

- vali á viðeigandi hitastigi, byggt á eiginleikum varanna sem eru kældar eða frystar,
- forkælingu heitra/volgra vara áður en þær eru settar í kælibúnaðinn,
- því að lágmarka rúmmál vara eða innihaldsefna sem eru geymd í kaldri geymslu,
- því að komast hjá hitaleka, t.d. gegnum þéttlista hurða, með notkun háhraðahurða og lofttjalda (e. *air curtain*) og með því að upplýsa starfsfólk og þjálfa það,
- því að safna kerfisbundið saman gögnum um kæliálag, orkunotkun og lekahlutfall og vera með til staðar áætlun um reglulega skoðun og viðhald á kælibúnaðinum.

Þegar frysti- og kælibúnaður er uppfærður eða ný starfsstöð hönnuð og byggð eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að:

- skipta úr vetnisflúorókölefum yfir í kælimiðla með minni hnatthlúnunarmátt (t.d. náttúrulega kælimiðla),
- semja um „lekapéttiabyrgð“ til margra ára við birgi búnaðarins,
- endurheimta og endurnota frávarma frá kælieiningu eða öðrum ferlum sem mynda frávarma (t.d. framleiðsluferlum),
- velja búnað, stjórnkerfi og skipulag stöðvar (þ.e. staðsetning og fyrirkomulag svæða við mismunandi hitastig) sem gera það kleift að nota lágmarksorku og komast hjá hitatapi og kælimiðlaleka.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Einhverjar takmarkanir við framkvæmd sérhverrar ráðstöfunar, sem er talin upp hér að framan, geta komið upp vegna sértekra krafna varðandi vinnslu eða vörur.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i27) Hlutfallsleg notkun kælikerfa með náttúrulega kælimiðla, samanborið við heildarfjölda kælikerfa (í %)	b8) Kælikerfi með náttúrulegum kælimiðlum eru notuð á öllum stöðum (100%).
i28) Nýtnistuðull á hvert kælikerfi fyrir sig eða fyrir alla starfsstöðina	
i29) Nýtnistuðull kerfis á hvert kælikerfi fyrir sig eða fyrir alla starfsstöðina	
i30) Orkunýtnihlutfall á hvert kælikerfi fyrir sig eða fyrir alla starfsstöðina	
i31) Orka sem er notuð til kælingar á hverja vörueiningu fyrir hvert kælt svæði (kWh/m ² /þyngd, rúmmál eða fjöldi vara)	

3.1.7. Nýting orkustjórnunar og bætt orkunými í allri starfsemi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að stjórna orkunotkun í allri starfsemi fyrirtækisins með:

- því að setja upp heildstætt orkustjórnunarkerfi, s.s. ISO 50001 ⁽¹⁾, sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfi s.s. umhverfisstjórnunarkerfi ESB,
- því að setja upp mæla (eða skynvædda mæla) á hverju vinnslustigi til að tryggja nákvæma orkuvöktun,
- því að annast reglulega orkuúttekt og vöktun til að greina helstu þætti orkunotkunar (á vinnslustigi),
- því að koma í framkvæmd viðeigandi orkunýtnilausnum fyrir alla ferla í starfsstöð, einkum að teknu tilliti til mögulegra samlegðaráhrifa milli þarfar fyrir hita, kulda og gufu,
- því að rannsaka og, ef unnt er, nýta samlegðaráhrif í framleiðslu og notkun á rafmagni, hita, kulda og gufu með aðliggjandi starfsstöðvum (þ.e. iðnaðarsamlífi).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i32) Heildarorkunotkun fyrir hverja framleiðslueiningu (kWh/þyngd, rúmmál, virði eða fjöldi vara)	b9) Heildstætt orkustjórnunarkerfi er til staðar (t.d. ISO 50001 ⁽¹⁾).
i33) Heildarorkunotkun á hvern yfirborðsflöt starfsstöðvar (kWh/m ²)	b10) Reglulegum orkuúttektum og vöktun er beitt til að greina helstu þætti orkunotkunar.
i34) Heildarorkunotkun (kWh) fyrir sértæka vinnslu	b11) Viðeigandi orkunýtnilausnir eru innleiddar fyrir alla vinnslu í starfsstöð.
i35) Hrein orkunotkun (þ.e. heildarorkunotkun að frádræginni endurheimtri og endurnýjanlegri orku) fyrir hverja vörueiningu (kWh/þyngd, rúmmál, virði eða fjöldi vara)	b12) Samlegðaráhrif milli þarfar fyrir hita/kulda/gufu eru hagnýtt þvert á ferla í starfsstöðinni og aðliggjandi starfsstöðvum.

⁽¹⁾ Fleiri upplýsingar um staðalinn ISO 50001 — Energy management eru aðgengilegar á: <http://www.iso.org/iso/home/standards/management-standards/iso50001.htm>

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i36) Varmaskiptar nýttir til að endurheimta heita/kalda strauma (j/n)	
i37) Öll gufurör einangruð (j/n)	

(1) Heildstætt orkustjórnunarkerfi getur einnig verið hluti af víðfeðmara orkustjórnunarkerfi á borð við umhverfisstjórnunarkerfi ESB

3.1.8. Samþætting endurnýjanlegrar orku í framleiðsluferlum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að fella notkun á endurnýjanlegri orku inn í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru einkum að ganga lengra í notkun á endurnýjanlegri raforku og uppfylla þörf framleiðsluferla fyrir varma (eftir innleiðingu ráðstafana til að bæta orkunýtni og endurnýta frávarma, eins og getið er í lið 3.1.7) með endurnýjanlegum varma (þ.e. frá sólarhitunarkerfum, lífmassa eða lífgasi) í stað óendurnýjanlegs varma. Val á gjafa endurnýjanlegs varma fer eftir staðbundnum skilyrðum, t.d. hvort lífmassi, sem er framleiddur á staðnum, og hentugt hráefni til lífgasframleiðslu séu fyrir hendi og/eða hvort árleg sólargeislun sé umtalsverð.

Notkunarsvið

Meginreglan í þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun á við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Endurnýjanleg varmakerfi eru þó háð tiltækileika hentugs, staðbundins endurnýjanlegs orkugjafa og varma- og hitastigsþarfa framleiðsluferlanna. Þar að auki útheimtir ísetning endurbótarhlutar í framleiðslustöð með endurnýjanlegum varma, sem þegar er fyrir hendi, nákvæma greiningu á framkvæmanleika í tæknilegu tilliti, að teknu tilliti til fyrirliggjandi uppsetningar og takmarkana núverandi framleiðsluferla.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i38) Hlutfall orkunotkunar framleiðslustöðva (varmi og rafmagn aðskilið) sem er uppfyllt með endurnýjanlegum orkugjöfum (í %)	b13) Framleiðslu endurnýjanlegrar varmaorku, á staðnum eða í nágrenninu, fyrir hentug framleiðsluferli er komið í framkvæmd.
i39) Hlutfall orkunotkunar framleiðslustöðva (varmi og rafmagn aðskilið) sem er uppfyllt með endurnýjanlegum orkugjöfum (í %) á staðnum eða í nágrenninu	b14) Vinnslutækni er aðlöguð til að hún passi betur við framboð varma frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

3.1.9. Komist hjá matarsóun í framleiðslustarfsemi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að minnka myndun matarúrgangs í framleiðslustöðinni með því að greina alla sóun sem hægt er að komast hjá með því að nota t.d. eftirfarandi aðferðir:

- viðhald allrar starfsstöðvarinnar: starfsfólk á öllum stigum og í öllum störfum er fengið til að hámarka heildarskilvirkni framleiðslubúnaðar,
- Kaizen (stöðugar umbætur): að leggja áherslu á stöðugar umbætur við að draga úr matarsóun með því að greina og nýta sparnað sem er auðvelt að ná (þ.e. einfaldar og hagstæðar lausnir),
- verðmætaflæðisgreining: að bæta sýnileika verðmætaskapandi ferla og ferla sem skapa ekki verðmæti til að kortleggja upptök úrgangs.

Með því að nota þessar aðferðir er hægt að minnka matarúrgang með því að koma eftirfarandi í framkvæmd:

- herferðum til að efla vitund/þátttöku starfsfólks,
- endurskoðun á vöruflokkum og þar með minnkun á birgðatapi,

- umbúðum, sem eru tilbúnar fyrir framleiðsluna, til að minnka innihaldsefnatap,
- tímastilltum innkaupum og afhendingu hráefnis,
- auknum sýnileika magns, sem fer til spillis, sem verður til við úrgangsráttir,
- háþröskun framleiðsluhagnaðar,
- að skipta úr hefðbundinni framboðsmiðaðri nálgun yfir í eftirspurnarmiðaða nálgun til að tryggja að framleiðsla endurspegli eftirspurn,
- að hvetja til betri umsjónar og hreinlætisstaðla.

Enn fremur eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að greina opinberlega frá myndun matarúrgangs og forvarnarstarfsemi gegn myndun úrgangs, sem er til staðar og áætluð til framtíðar, sem og að greina markmið á þessu sviði og skipuleggja viðeigandi starfsemi til að ná þeim.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i40) Heildarskilvirkni búnaðar ⁽¹⁾ (í %)	—
i41) Hlutfallið milli magns matarúrgangs sem verður til (sent til endurvinnslu, endurheimtar og förgunar, þ.m.t. matarúrgangur sem er notaður sem orkuuppspretta eða áburður) og magn fullunninna vara (tonn af matarúrgangi/tonn af fullunnum vörum)	

(1) Heildarskilvirkni búnaðar er reiknuð út með því að margfalda þrjá þætti: i) tiltækileiki (hlutfall tímans sem áætlað er að búnaðurinn sé í notkun); ii) afkastageta (raunverulegt gegnumstreymi á móti gegnumstreymi sem stefnt er að) og iii) hlutfall vörugæða (hlutfall allra vara sem eru hvorki gallaðar né bilaðar).

3.1.10. Tillit tekið til tilvísunarskjals um bestu, fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaði (FDM BREF)

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur (kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10 og 11) að innleiða viðeigandi bestu, fánlegu tækni (BAT) eða aðra tækni sem getur náð jafngildum eða betri umhverfisárangri og íhuga viðeigandi nýtilkomna tækni sem er kynnt í „tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF)“ ⁽¹⁾.

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að stefna að allra bestu losunargildum sem tengjast bestu, fánlegu tækni (eða umhverfisárangri) (BAT-AE(P)L).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, að því tilskildu að besta, fánlega tækni og nýtilkomin tækni eigi við um starfsemi og vinnslu fyrirtækisins. Þó að besta, fánlega tækni og tengd losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (BAT-AE(P)L), sem lýst er í tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF), væru tilgreind fyrir stór iðjuver eiga þau almennt við og eru oft einnig viðeigandi fyrir smærri iðnaðarframleiðslusvæði. Þó skal meta notkunarsvið og mikilvægi sérhverrar sérstakrar tækni fyrir tiltekið fyrirtæki í hverju tilviki fyrir sig. Til dæmis myndu fæstar tækniáðferðir eiga við fyrir fyrirtæki sem framleiða í mjög litlum mæli í starfsstöðvum utan iðnaðargeirans.

(1) Til að fá frekari upplýsingar um innihald tilvísunarskjala um bestu fánlegu tækni og tæmandi útskýringu á skilyrðum og upphafsstaforðum er vísað til vefseturs Evrópuskrifstofu um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun: <http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/>

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i42) Viðeigandi besta, fánlega tækni sem er tilgreind í tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF) eða önnur tækni, sem getur náð fram jafngildum eða betri umhverfisárangri, er notuð (j/n).	b15) Umhverfisárangri sem er innan bestu 10% ⁽¹⁾ af hverju tengdu styrkbili fyrir losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (BAT-AE(P)L), sem eru skilgreind í tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF), er náð.
i43) Tekið er tillit til viðeigandi nýtilkominnar tækni sem er tilgreind í tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF) (j/n)	
⁽¹⁾ Bestu 10% geta svarað til hæstu eða lægstu 10% af hverju styrkbili fyrir losunargildi sem tengist bestu, fánlegu tækni (BAT-AE(P)L), allt eftir því hvort þeirra er mest krefjandi fyrir umhverfið.	

3.2. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við vinnslu á kaffi

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem vinna kaffi (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.83).

3.2.1. Dregið úr orkunotkun með því að forhita grænt kaffi í kaffibrennslulotu

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að forhita kaffibaunirnar rétt fyrir brennsluna með því að koma útblásturslofti frá brennslu fyrri framleiðslulotu aftur inn í hringrásina. Þessa orkusparandi tækni er hægt að sameina annarri orkusparandi tækni, s.s. endurnotkun á brennslugösum að hluta til í sama brennslukerfi, annaðhvort beint (brennarar með hringrás) eða með varmaskipti, eða nota brennslugösin til að framleiða volgt vatn eða til rýmishitunar.

Notkunarvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við þegar verið er að skipuleggja uppsetningu á nýjum kaffibrennara en geta útheimt töluvert rými og/eða styrkingu á burðarvirki byggingar. Það er einnig mögulegt að setja forhitara sem endurbótarhlut í brennara sem fyrir er en það er þó flóknara en að setja kaffiforhitara í nýjan kaffibrennara vegna kostnaðar, rýmisþarfa, vinnu við byggingu o.s.frv. Notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki kann að vera takmörkuð vegna verulegra fjárfestinga sem þörf er á.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i44) Dregið úr varmaorkunotkun í kaffibrennslu vegna innleiðingar forhitunar á grænu kaffi (í %).	b16) Forhitunarkerfi fyrir grænt kaffi er til staðar.
i45) Varmaorka sem er notuð í brennslustarfsemi (kWh/tonn af grænu kaffi).	
i46) Sértek losun koltvísýrings (kg CO _{2eq} /tonn af brenndu kaffi) reiknuð út að teknu tilliti til rafmagns- og eldsneytisnotkunar (t.d. própan, metan) í brennslustarfsemi.	

3.3. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á ólífúolíu

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða ólífúolíu (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.41).

3.3.1. Vatnsnotkun lágmarkuð við skiljun ólífúolíu

Við aðskilnað (einnig þekkt sem skíring) ólífúolíunnar frá eftirstandandi, smáum efnisögnum og vatni eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að nota lóðréttu skilvindu sem lágmarkar vatnsnotkun. Vatnsmagni, sem notað er, skal haldið við það lágmarksmagn sem þarf til að ná æskilegri, endanlegri samsetningu ólífúolíunnar.

Notkunarvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla ólífuólúframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Vatnsmagnið sem þarf í aðskilnaðarfasann veltur mjög á gæðum olíunnar sem kemur úr afhellingarbúnaðinum.

Tilheyrandi umhverfisrángursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrángursvísar	Árangursviðmiðanir
i47) Vatnsnotkun við skiljun ólífuólú (l) miðað við þyngd (tonn) unninna ólífa eða miðað við rúmmál (l) framleiddrar ólífuólú.	b17) Vatn sem er notað við skiljun ólífuólú er minna en 50 l (5%) á hverja 1000 l af framleiddri ólífuólú

3.3.2. *Minni þvottur á ólífum við viðtöku*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að minnka þörfina fyrir að þvo ólífurnar áður en ólífuólían er unnin úr þeim. Til dæmis er hægt að ná þessu fram með því að taka ólífurnar af trjánum. Í þessu skyni geta framleiðendur ólífuólú komið á viðeigandi samstarfi við þá bændur sem afhenda ólífurnar.

Samþykkt viðeigandi ráðstafana til að endurnýta vatn, sem enn er þörf á til að þvo ólífur, getur haft í för með sér meiri vatnssparnað.

Notkunarvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um margs konar ólífuólúmyllur:

- litlar olúmyllur (sem vinna úr ólífum sem vaxa á þeirra eigin ólífutréjum): þessi fyrirtæki stjórna öllu ólífuólúframleiðsluferlinu (frá framleiðslu á ólífum til sölu til viðskiptavinar) og geta því innleitt beint ráðstafanir til að afhenda hreinar ólífur til myllunnar,
- ólífuólúframleiðendur á iðnaðarmælikvarða (sem vinna úr ólífum sem eru afhentar vegna viðeigandi samnings við bændur): mismunandi verð getur verið í boði fyrir ólífur sem eru afhentar, háð (meðal annarra mæliþátta) óhreinindastigi ólífanna,
- samvinnufélög (sem vinna úr ólífum frá meðlimunum): meðlimir þessara fyrirtækja/stofnana koma á fót samkomulagi sín á milli og lágt óhreinindastig ólífanna eða tilteknir starfshættir við uppskeru geta verið hluti af mæliþáttum sem samkomulag er um.

Tilheyrandi umhverfisrángursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrángursvísar	Árangursviðmiðanir
i48) Hlutfallið milli vatnsmagns sem er notað til að þvo ólífurnar við viðtöku og magns ólífa sem er unnið (l af vatni á hvert tonn af ólífum)	b18) Að því er varðar ólífur sem eru afhentar hreinar er ekkert vatn (0 l) notað til að þvo ólífurnar við viðtöku

3.4. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á gosdrykkjum**

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða gosdrykki (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 11.07).

3.4.1. *Notkun á blásurum við þurrkun á flöskum/umbúðum*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp litla, vel hannaða háhraðablásara á notkunarstað (við þurrkun á dósnum/flöskum og í hreinsunarkerfum sem nota jónað loft) sem geta komið í staðinn fyrir þrýstiloftþurrkara.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um framleiðendur gosdrykkja sem lofthreinsa eða þurrka dósir eða flöskur áður en þær eru fylltar. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i49) Orkunotkun til blásturs/þurrkunar á hvern lítra af vöru (kWh/l)	—

3.5. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við bjórgerð

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða bjór (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 11.05).

3.5.1. Dregið úr orkunotkun í maltvökvasuðu

Bjórframleiðendur geta minnkað orkunotkun meðan maltvökvasuða stendur yfir með því að:

- forhita maltvökvann með varma sem er endurheimtur úr þéttingu maltvökvagufu með notkun orkugeymslukerfis,
- minnka uppgufunarhlutfall við suðu (t.d. með tveggja fasa suðukerfum, breytilegri lágþrýstisuðu) að því tilskildu að bjórbragðið geri það kleift að taka þessa lausn upp.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga almennt við um alla bjórframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

Forhitun maltvökva á við um ný brugghús að því tilskildu að þar sé nægt rými til að setja upp þann búnað sem þörf er á. Ef um er að ræða stöðvar sem fyrir eru skal framkvæma efnahagslega greiningu til að meta möguleikana á að breyta maltvökvasuðustöðinni.

Það hentar ekki fyrir allar tegundir af bjór að minnka hlutfall uppgufunar því það hefur áhrif á skynmatseinkenni bjórsins. Ef þessi aðferð er innleidd þarf að meta hana innan alls bruggunarferlisins og beita henni að því marki að hún henti tiltekinni vöru.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i50) Uppgufunarhraði (í %) meðan maltvökvasuða stendur yfir	b19) Kerfi til að forhita maltvökva með endurheimtum varma úr þéttingu maltvökvagufu er sett upp.
i51) Heildarorkunotkun í framleiðsluferli á hvern hektólítra af bjór sem er framleiddur (MJ/hl)	b20) Uppgufunarhraði meðan maltvökvasuða stendur yfir er minni en 4%
i52) Orkunotkun í forhitun maltvökva á hvern hektólítra af bjór sem er framleiddur (MJ/hl)	
i53) Fjöldi bruggana milli tveggja hreinsana á katlinum	

3.5.2. Skipt úr lotukerfi yfir í órofið gerjunarkerfi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að skipta úr lotukerfi yfir í órofin gerjunarkerfi til að spara orku og vatn. Einn valkostur er að nota fjögurra kerja órofið kerfi sem samanstendur af þremur kerjum, sem hrært er í, og fjórða kerinu, sem ekki er hrært í, þar sem bjórinn er aðskilinn frá gerinu. Skírður bjór flæðir úr síðasta kerinu yfir í volgt ker til þroskunar þar sem bragðið batnar fyrir tilstilli gers.

Notkunarsvið

Það eru einhverjar takmarkanir á notkunarsviði þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun. Tæknin er helst möguleg fyrir bruggstarfsemi í stórum stíl. Ef skipt er yfir í órofna bruggun getur það enn fremur haft áhrif á skynmatseinkenni fullunnu vörunnar og hentar e.t.v. ekki fyrir allar bjórtegundir.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i51) Heildarorkunotkun í framleiðsluferli á hvern hektólítra af bjór sem er framleiddur (MJ/hl)	—
i54) Vatnsnotkun í framleiðsluferlinu á hvern hektólítra af bjór sem er framleiddur (hl af vatni/hl af bjór)	

3.5.3. *Endurheimt koltvísýrings í bjórframleiðslu*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að endurheimta koltvísýring, sem myndast við bjórframleiðslu, ofan af gerjunarkerjunum/-ílátunum, kerjum til þroskunar og kerjum fyrir síðan bjór (e. *bright beer tank*). Unnt er að þvo, hreinsa og þjappa koltvísýringi saman til geymslu. Hann er hægt að nota síðar innanhúss í ýmiss konar bruggstarfsemi, t.d. kolsýrumettun og átöppun, sem og til sölu eða afhendingar til annarrar notkunar innan ramma iðnaðarsamlíffis.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun er hægt að laga að bjórframleiðslu af öllum stærðum. Þó er þetta e.t.v. ekki lokkandi fyrir handverksbrugghús (e. *microbrewery*) og lítil brugghús⁽¹⁾ vegna fjárfestingarkostnaður og flækjustígs kerfis til að endurheimta koltvísýring sem myndast.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i55) Hlutfall koltvísýrings sem er endurheimtur úr gerjun (í %)	b21) Kerfi, sem endurheimtir a.m.k. 50% af koltvísýringnum sem myndast meðan gerjun stendur yfir, er innleitt.
i56) Magn koltvísýrings sem er endurheimt á hvern hektólítra af bjór sem er framleiddur (g CO ₂ /hl)	
i57) Afkastageta koltvísýringsendurheimtarkerfis brugghússins á hverri klukkustund (g CO ₂ /klst)	

3.6. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á kjöti og afurðum úr alifuglakjöti**

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða kjöt og afurðir úr alifuglakjöti (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.13).

3.6.1. *Háþrýstivinnsla til að afmenga kjöt*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að nota háþrýstivinnslu við gerilsneyðingar- og eldunarferli við framleiðslu á kjöti og afurðum úr alifuglakjöti til þess að minnka orkunotkun. Hægt er að nota háþrýsting á mismunandi hátt til þess að:

- koma í stað gerilsneyðingar,
- stytta eldunarþrepið: með því að nota háþrýsting er hægt að stytta eldunarþrepið þar eð gerilsneyðingin í heild sinni fer fram meðan gerilsneyðingarstig háþrýstivinnslunnar stendur yfir.

(1) Í tilskipun ráðsins 92/83/EBE frá 19. október 1992 um samræmingu á skipulagi vörugjalds á áfengi og áfengum drykkjum (Stjttð. EB L 316, 31.10.1992, bls. 21) er „óháð lítið brugghús“ skilgreint sem brugghús sem framleiðir ekki meira en 200 000 hl á ári.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla framleiðendur kjöts og afurða úr alifuglakjöti, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Þó er fjárfestingarkostnaður til kaupa á búnaði hár og gæti verið letjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ef þetta er tilfellið geta lítil og meðalstór fyrirtæki leigt búnað til háþrýstivinnslu, ef slík þjónusta er til.

Tilheyrandi umhverfisrángursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrángursvísar	Árangursviðmiðanir
i58) Heildarorkunotkun á magn kjöts og alifuglakjöts sem er unnið (kWh/kg af vöru)	b22) Háþrýstivinnsla (eigin eða útvistuð) er notuð til að meðhöndla hentugar kjötafurðir (t.d. eldaðar vörur, verkaðar og eldaðar vörur, hrásaltaðar vörur).
i59) Orkunotkun í háþrýstivinnslu (kWh/hringrás unninnar vöru eða kWh/kg af vöru)	

3.7. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á ávaxtasafa

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða ávaxtasafa (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.32).

3.7.1. Virðisaukandi notkun á ávaxtaleifum

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að farga ávaxtaleifum úr vinnsluferlinu með því að fylgja eftirfarandi forgangsroð:

- endurheimta verðmætar afurðir, sé þess kostur: t.d. pektín (úr sítrusaldin- og ferskjuleifum), sérúnnin íðefni (betakarótenóíð úr gulrótaleifum) og fjölnota innihaldsefni matvæla (úr gulróta-, appelsínu- og eplaleifum) sem hægt er að nota í bakarísvörur,
- nota ávaxtaleifar sem fóður, ef einhverjir staðbundnir framleiðendur búfjár eða fóðurs hafa áhuga á þessari aukaafurð,
- nota ávaxtaleifar sem meðundirstöðuefni loftfirrðrar meltunar í stöð fyrir loftfirrða meltun, sem þegar er fyrir hendi, í nágrenninu eða skipuleggja byggingu nýs loftfirrðs meltunarkerfis í félagi við önnur fyrirtæki/stofnanir í nágrenninu sem framleiða lífrænan úrgang sem hægt væri að vinna í stöð fyrir loftfirrða meltun (t.d. búfjárræktendur).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla framleiðendur ávaxtasafa, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, að því tilskildu að staðbundin skilyrði (t.d. tiltækileiki búfjár á staðnum til að fóðra, að stöðvar til loftfirrðar meltunar séu fyrir hendi) geri það kleift að innleiða valkostina sem eru taldir upp hér að framan.

Tilheyrandi umhverfisrángursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrángursvísar	Árangursviðmiðanir
i60) Nýtingarhlutfall ávaxtaleifa (í %): heildarmagn ávaxtaleifa sem er notað til að endurheimta verðmætar afurðir (t.d. pektín, ilmkjarnaolíur) sem fóður eða sem meðundirstöðuefni í stöð fyrir loftfirrða meltun.	b23) Allar ávaxtaleifar (100%) eru notaðar til að endurheimta verðmætar afurðir (t.d. pektín, ilmkjarnaolíur) sem fóður eða sem meðundirstöðuefni í stöð fyrir loftfirrða meltun.

3.8. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við ostagerðarstarfsemi

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða ost (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.51).

3.8.1. *Endurheimt mysu*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að endurheimta alla mysu úr framleiðslu á osti til nýrrar notkunar samkvæmt eftirfarandi forgangsskrá:

- þykkja, sía og/eða láta mysuna gufa upp til að framleiða mysuduft, mysupróteinþykkni, laktósa og aðrar aukaafurðir,
- framleiða mysuafurðir sem eru ætlaðar til manneldis, s.s. mysuosta eða mysudrykki,
- fódra dýr á mysunni, nota hana sem áburð eða vinna hana í stöð fyrir loftfirrða meltun.

Notkunar svið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla ostaframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, að því tilskildu að staðbundin skilyrði (t.d. næg framleiðsla á mysu til að koma á fót mysuþykkingarkerfi, eftirspurn eftir vörum, að stofni til úr mysu, á markaði, tiltækileiki búfjár á staðnum til að fódra) geri það kleift að innleiða valkostina sem eru taldir upp hér að framan.

Tilheyrandi umhverfisrárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i61) Hlutfall (þyngd í %) heildarþurrefnisvigtar framleiddrar mysu sem er endurheimt til notkunar í vörur sem eru ætlaðar til manneldis, í fódur og í loftfirrða meltun.	b24) Mysa er endurheimt og meðhöndluð frekar til að fá aðrar vörur til manneldis, byggt á eftirspurn á markaði. Umframmysa er notuð í staðinn fyrir fódur eða í loftfirrða meltun.
i62) Hlutfall (þyngd í %) heildarþurrefnisvigtar framleiddrar mysu sem er endurheimt til notkunar í vörur sem eru ætlaðar til manneldis	

3.9. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á brauði, kexi og kökum**

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða brauð, kex og kökur (kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 10.71 og 10.72).

3.9.1. *Kerfi til að minnka úrgang í formi óselds brauðs*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að koma á fót viðeigandi brauðskilakerfum þar sem bakaríð, þar sem brauðið var framleitt, tekur við óseldu brauði til baka frá sölustöðum. Brauðið, sem safnað er saman, er geymt í bakaríinu og unnt er að vinna það í brauðrasp og soðkökur eða þá að leyfis skyld fyrirtæki (t.d. góðgerðastofnanir eða félagsmálasamtök ef brauðið er enn hæft til manneldis eins og það er) geta sótt það eða þá að unnt er að nota það í öðrum tilgangi (t.d. sem fódur). Leyfis skyld fyrirtæki geta einnig sótt brauðið beint á sölustaðina.

Notkunar svið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla brauðframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Bakarí, sem afhenda ekki brauð á fjarlæga sölustaði, geta innleitt ráðstafanirnar, sem eru taldar upp hér að ofan, beint án þess að þurfa að setja upp brauðskilakerfi. Tryggja verður viðeigandi meðhöndlun, flutning og geymslu til að uppfylla kröfur um hollustuhætti, með hliðsjón af þeirri notkun sem er fyrirhuguð á brauðinu sem skilað er.

Tilheyrandi umhverfisrárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i63) Skilahlutfall (í %) óselds brauðs frá sölustöðum sem taka þátt í skilakerfinu	b25) Að því er varðar bakarí: Allir sölustaðir (100%), sem selja brauðið sem er framleitt, taka þátt í viðeigandi brauðskilakerfi fyrir óselda brauðið

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i64) Þátttaka (í %) sölustaða í skilakerfum, sem fyrir eru, á tilteknu svæði	
i65) Hlutfall óselds brauðs sem er umbreytt til annarrar notkunar til að komast hjá myndun matarúrgangs (í %)	

3.9.2. Lágmarkun orkunotkunar við bakstur

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka orkunotkun við bakstur, annaðhvort með því að nota ofna sem fyrir eru á eins orkunýtinn hátt og unnt er eða með því að velja skilvirkasta ofninn til að þjóna sértækum bökunarþörfum sem byggjast á: framleiðslukröfum, orkugjöfum, rýmistakmörkunum, kröfum um hitastig, notkunarham og varmayfirfærsluham.

Notkunar svið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla brauð-, kex- og kökuframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
i66) Orkunotkun í bökunarferli, þ.e. kWh á:	—
— t af bakaðri vöru eða	
— t af mjóli sem er notað eða	
— m ² af bökunarsvæði (yfirborð ofns)	

3.10. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun við framleiðslu á víni

Þessi liður beinist að fyrirtækjum sem framleiða vín (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins 11.02).

3.10.1. Dregið úr vatnsnotkun, myndun lífræns úrgangs og orkunotkun í víngerðarhúsinu

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að:

- minnka vatnsnotkun í víngerðarhúsinu með því að bæta hreinsunarstarfsemi (liður 3.1.4) og setja upp mjög vatnsnýtt búnað,
- innleiða skipulega nálgun að nýtingu auðlinda m.t.t. lífrænna leifa sem verða til í víngerðarhúsinu, þ.m.t. aðgerðir sem eru sniðnar að tilteknu tilviki s.s.: að breyta aukaafurðum í vörur til manneldis (t.d. að eima alkóhól úr þrúguhrati), leysa tilbúinn áburð af hólmi með myltingu og endurheimta orku í samþættum varma-, kæli- og orkuverum (liður 3.1.8),
- minnka orkunotkun með því að:
 - velja orkunýtinn búnað þegar þörf er á að skipta út eða stækka og tryggja að búnaður, sem valinn er, sé af rétttri stærð (eftir vinnsluþörfum),
 - auka einangrun röra, kælilína o.s.frv.,
 - skoða hitunar-/kælirör í kerjunum reglulega til að koma í veg fyrir og/eða gera við leka eða skemmdir á einangrun þeirra,
 - hanna mjög orkunýtna kjallara (þ.e. að velja að hann snúi í viðeigandi átt og að staðsetning sé viðeigandi til að minnka váhrif frá sólinni, velja byggingarefni með há U-gildi og nota græn þök og málningu og efni sem endurkasta birtu).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við um alla vínframleiðendur, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Þó eru einhverjar takmarkanir á nokkrum þeirra ráðstafana sem er lýst hér að framan fyrir víngerðarhús, sem eru fyrir hendi, þar sem notkunarsviðið er háð tilteknum framleiðsluferlum sem eru þegar til staðar.

Tilheyrandi umhverfisrángursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrángursvísar	Árangursviðmiðanir
i67) Vatn samtals sem er notað í víngerðarhúsinu (l) á hvern lítra af víni sem er framleiddur. Einnig er hægt að mæla vatn, sem er notað, á vinnslustiginu.	—
i68) Myndun lífræns úrgangs í víngerðarhúsinu (kg) á hvern lítra af víni sem er framleiddur á mánuði/ári	
i69) Varmaorkunotkun (kWh/l af víni sem er framleitt): hægt að reikna hana út árlega eða meðan uppskerutímabilið stendur yfir	
i70) Raforkunotkun (kWh/l af víni sem er framleitt): hægt að reikna hana út árlega eða meðan uppskerutímabilið stendur yfir	

4. GEIRATENGDIR LYKILUMHVERFISÁRANGURSVÍRAR SEM MÆLT ER MEÐ

Í eftirfarandi töflu er skrá yfir valda lykilumhverfisrángursvíra fyrir fyrirtæki/stofnanir í matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeiranum. Þetta er hlutmengi allra vísanna sem nefndir eru í 3. lið. Töflunni er skipt eftir markhóp samkvæmt uppsetningunni á þessu skjali:

- lykilvísar fyrir alla matvæla- og drykkjarvöruframleiðendur,
- viðbótarlykilvísar fyrir nokkra undirgeira innan matvæla- og drykkjarvöruframleiðslugeirans, þ.e.a.s.:
 - vinnsla á kaffi,
 - framleiðsla á ólífuolíu,
 - framleiðsla á gosdrykkjum,
 - bjórgerð,
 - framleiðsla á kjöti og afurðum úr alifuglakjöti,
 - framleiðsla á ávaxtasafa,
 - ostagerðarstarfsemi,
 - framleiðsla á brauði, kexi og kökum,
 - framleiðsla á víni.

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
-------	--------------------	------------------	--------------	------------------------	---	------------------	--

ALLIR MATVÆLA- OG DRYKKJARVÖRUFRAMLEIÐENDUR (KÓÐAR ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10 OG 11)

Hlutfall staða samtals eða vara sem eru metnar með því að nota viðurkennda aðferðarlýsingu við mat á umhverfislegri sjálfbærni.	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Framleiðslustaðir (þ.e. framleiðsluferli) og vörur sem eru metin með því að nota kolefnisspor og/eða vistferilsgreiningar, deilt með heildarfjölda framleiðslustaða og -vara	Innan fyrirtækis	Orkunýtni Efnisnýtni Vatn Úrgangur Líffræðileg fjölbreytni Losun	Gert er mat á umhverfislegri sjálfbærni sem nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins. Framkvæmt er mat á umhverfislegri sjálfbærni allra nýrra vara í þróun.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.1
Hlutfall innihaldsefna eða vara sem uppfylla sértækar viðmiðanir fyrirtækisins um sjálfbærni eða eru í samræmi við fyrirliggjandi staðla um sjálfbærni	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Fjöldi keyptra innihaldsefna eða vara eða virði þeirra í evrum, sem uppfylla sértækar viðmiðanir fyrirtækisins um sjálfbærni eða eru í samræmi við fyrirliggjandi staðla um sjálfbærni, deilt með heildarfjölda eða -virði keyptra innihaldsefna eða vara	Innan fyrirtækis	Orkunýtni Efnisnýtni Vatn Úrgangur Líffræðileg fjölbreytni Losun	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.2
Hlutfall birgja sem taka þátt í áætlunum til að bæta sjálfbærni	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Fjöldi birgja sem taka þátt í áætlunum um sjálfbærni (til að bæta umhverfisárangur sinn) af heildarfjölda birgja. Þennan vísir er einnig hægt að reikna út á grundvelli virði vara í evrum, sem birgjar, sem taka þátt í áætlunum um sjálfbærni, afhenda (til að bæta umhverfisárangur sinn) af heildarvirði vara sem eru afhentar	Innan fyrirtækis	Orkunýtni Efnisnýtni Vatn Úrgangur Líffræðileg fjölbreytni Losun	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.2

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavís bendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Umbúðatengd koltvísyringslosun miðað við þyngd/ rúmmálseiningu framleiddrar vöru	Umbúðir gCO _{2eq} /g af vöru Umbúðir gCO _{2eq} /ml af vöru	Allir matvæla- og drykkjarvöru- framleiðendur	Umbúðatengt koltvísyringsjafngildi (CO _{2eq}) miðað við þyngdar- eða rúmmálseiningu vöru, sem er framleidd, reiknað út með því að nota vsthönnunartól fyrir umbúða- hönnun	Fyrir hverja vöru	Orkunýtni	Vsthönnunartól er notað við hönnun umbúða til að koma auga á valkosti sem hafa lítil umhverfisáhrif.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.3
Hreinsunartengd orka á hverja framleiðslueiningu	kWh/kg kWh/l kWh/fjöldi vara	Allir matvæla- og drykkjarvöru- framleiðendur	Orka (varmi og rafmagn) sem er notuð við hreinsunarstarfsemi, deilt með magni vörufrálags, gefin upp eftir þyngd, rúmmáli eða fjölda vara	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.4
Hreinsunartengd vatnsnotkun á hverja framleiðslueiningu	m ³ /kg m ³ /l m ³ /fjöldi vara	Allir matvæla- og drykkjarvöru- framleiðendur	Vatn sem er notað við hreinsunarstarfsemi, deilt með magni vörufrálags, gefið upp eftir þyngd, rúmmáli eða fjölda vara	Fyrir hvern framleiðslustað	Vatn	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.4
Magn hreinsivöru sem er notað á hverja framleiðslueiningu	kg/kg kg/l kg/fjöldi vara m ³ /kg m ³ /l m ³ /fjöldi vara	Allir matvæla- og drykkjarvöru- framleiðendur	Massi eða rúmmál hreingerningavara (t.d. vítissóði), deilt með magni vörufrálags, gefið upp eftir þyngd, rúmmáli eða fjölda vara	Fyrir hvern framleiðslustað	Efnisnýtni Losun	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.4

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavís bendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Sértæk losun gróðurhúsalofttegunda við flutninga miðað við vörumagn	kg CO _{2eq} /m ³ kg CO _{2eq} /tonn kg CO _{2eq} /vörubretti kg CO _{2eq} /kassi	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Heildarkoltvísyringsjafngildi (CO _{2eq}) sem er losað við flutninga, deilt með þyngd eða rúmmáli eða fjölda vörubretta/kassa (allt eftir því hvað skiptir máli) sem fluttur er	Innan fyrirtækis	Efnisnýtni Losun	Að því er varðar samanlagða flutninga- og vörustjórnunarstarfsemi (100%) (þ.m.t. veitendur sem eru þriðju aðilar) er greint frá eftirfarandi vísu: hlutfall (í %) flutninga með mismunandi flutningsmáta; kg CO _{2eq} á m ³ /vörubretti o.s.frv. sem er afhent.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5
Sértæk losun gróðurhúsalofttegunda við flutninga miðað við vörumagn og fjarlægð	kg CO _{2eq} /tonn/km	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Heildarkoltvísyringsjafngildi (CO _{2eq}) sem er losað við flutninga, deilt með þyngd vöru sem flutt er og vegalengdar sem ferðast er.	Innan fyrirtækis	Efnisnýtni Losun	Að því er varðar innri starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar er greint frá eftirfarandi vísu: hleðslunýting vörubifreiðar (rúmtak þyngdar eða rúmmáls í %); kg CO _{2eq} á t·km.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5
Hlutfall flutninga með mismunandi flutningsmáta	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Hlutfall mismunandi flutningsmáta (t.d. á vegi, með járnbraut, á sjó, í lofti) í samanlagðri flutningastarfsemi. Hlutfall flutninga eftir flutningsmáta má reikna á grundvelli tonnklómetra eða sóluvirðis.	Innan fyrirtækis	Efnisnýtni Losun	Að því er varðar samanlagða flutninga- og vörustjórnunarstarfsemi (100%) (þ.m.t. veitendur sem eru þriðju aðilar) er greint frá eftirfarandi vísu: hlutfall (í %) flutninga með mismunandi flutningsmáta; kg CO _{2eq} á m ³ /vörubretti o.s.frv. sem er afhent.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavís bendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Hleðslunýting fyrir vöruflutninga	Hleðslugeta (kg) í % Rúmmálsgeta (m ³) í %	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Hleðsla samtals (þyngd eða rúmmál), deilt með tiltækri hleðslu samtals (þyngd eða rúmmál) fyrir flutningatæki sem er notað til að flytja vörur	Innan fyrirtækis	Efnisnýtni Losun	Að því er varðar innri starfsemi á sviði flutninga og vörustjórnunar er greint frá eftirfarandi vísun: hleðslunýting fyrir vöruflutninga (rúmtak þyngdar eða rúmmáls í %); kg CO _{2eq} á hvern t·km.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5
Eldsneytisnotkun ökutækis við flutninga á vegum	l/100 km	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Raunveruleg eldsneytiseyðsla ökutækja sem eru notuð til að flytja vörur á vegum	Innan fyrirtækis	Orkunýtni Losun	Meðaleldsneytisnotkun þungaflutningabifreiða minni en eða jöfn og 30 l/100 km.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5
Sértæk heildarorkunotkun vörugeymslna	kWh/m ² /kg af vöru nettó	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Heildarorkunotkun vörugeymslna (með tilliti til endanlegrar orku) á tilteknu tímabili (t.d. mánaðarlega, árlega), deilt með viðeigandi gegnumstreymismagni (t.d. kg af vöru nettó)	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	Einangrun hitastýrðra vörugeymslna er bestuð.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.5
Hlutfallsnotkun kælikerfa með náttúrulegum kælimiðlum	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Fjöldi frysti-/kælikerfa sem nota náttúrulega kælimiðla, deilt með heildarfjölda frysti-/kælikerfa.	Fyrir hvern framleiðslustað	Losun	Kælikerfi með náttúrulegum kælimiðlum eru notuð á öllum stöðum (100%).	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.6
Orkunýtnihlutfall (EER)	kW (kæliaf-köst)/kW (rafmagnsilag)	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Hlutfallið milli kæliafkasta og rafmagnsilags í kælingar-/frystingar-kerfi. Hægt er að reikna hlutfallið út á hvert kælikerfi eða fyrir alla framleiðslu-/kæli-/frystiaðstöðuna	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.6

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavís bendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Heildarorkunotkun á hverja vöruheiningu	kWh/tonn kWh/evru kWh/m ³ kWh/fjöldi vara	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Orka (varmi, kuldi og rafmagn) sem er notuð á framleiðslustaðnum, deilt með magni vörufrálags, gefin upp eftir þyngd, virði, rúmmáli eða fjölda vara	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	Heildstætt orkustjórnunarkerfi er til staðar (t.d. ISO 50001). Reglulegum orkuúttektum og vöktun er beitt til að greina helstu þætti orkunotkunar. Viðeigandi orkunýtnilausnir eru innleiddar fyrir alla vinnslu í starfsstöð. Samlegðaráhrif milli þarfar fyrir hita/kulda/gufu eru hagnýtt þvert á ferla í starfsstöðinni og aðliggjandi starfsstöðvum.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.7
Heildarorkunotkun á hvern yfirborðsflöt starfsstöðvar	kWh/m ² í framleiðslu-stöðinni	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Orka (varmi, kuldi og rafmagn) sem er notuð á framleiðslustaðnum á tilteknu tímabili (t.d. árlega, mánaðarlega), deilt með gólfleti starfsstöðvarinnar	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	Heildstætt orkustjórnunarkerfi er til staðar (t.d. ISO 50001). Reglulegum orkuúttektum og vöktun er beitt til að greina helstu þætti orkunotkunar. Viðeigandi orkunýtnilausnir eru innleiddar fyrir alla vinnslu í starfsstöð. Samlegðaráhrif milli þarfar fyrir hita/kulda/gufu eru hagnýtt þvert á ferla í starfsstöðinni og aðliggjandi starfsstöðvum.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.7

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísbendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Heildarorkunotkun til sértækrar vinnslu	kWh	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Orka (varmi, kuldi og rafmagn) sem er notuð á tilteknu tímabili (t.d. árlega, mánaðarlega) fyrir tiltekið ferli (t.d. hreinsun, eldun, kæling)	Fyrir hvert vinnsluferli	Orkunýtni	Heildstætt orkustjórnunarkerfi er til staðar, s.s. ISO 50001, sem getur verið hluti af umhverfisstjórnunarkerfi á borð við umhverfisstjórnunarkerfi ESB. Reglulegum orkuúttektum og vöktun er beitt til að greina helstu þætti orkunotkunar. Viðeigandi orkunýtnilausnir eru innleiddar fyrir alla vinnslu í starfsstöð. Samlegðaráhrif milli þarfar fyrir hita/kulda/gufu eru hagnýtt þvert á ferla í starfsstöðinni og aðliggjandi starfsstöðvum.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.7
Hlutfall orkunotkunar framleiðslustöðva sem er uppfyllt með endurnýjanlegum orkugjöfum	%	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Endurnýjanleg orka (varmi og rafmagn aðskilið) sem er framleidd á staðnum/í nágrenninu eða keypt sem vottuð endurnýjanleg orka (t.d. endurnýjanlegt rafmagn), deilt með orkunotkun framleiðslustöðvanna (varmi og rafmagn aðskilið). Vottunin verður að tryggja að ekki hafi þegar verið gerð grein fyrir keyptri endurnýjanlegri orku hjá öðru fyrirtæki/stofnun eða í blöndu landsbundinnar meðalraforku-framleiðslu.	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni Losun	Framleiðslu endurnýjanlegrar varma-orku fyrir hentug framleiðsluferli er komið í framkvæmd, á staðnum eða í nágrenninu. Vinnslutækni er aðlöguð til að hún passi betur við framboð varma frá endurnýjanlegum orkugjöfum.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.8

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Hlutfall milli matarúrgangs sem verður til og fullunninna framleiddra vara	tonn af matarúrgangi/ tonn af fullunninni vöru	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Tonn af matarúrgangi (sendur til endurvinnslu, endurheimtar og förgunar, þ.m.t. matarúrgangur sem er notaður sem orkuuppspretta eða til að framleiða áburð), deilt með tonnum af fullunninni vöru	Fyrir hvern framleiðslustað	Úrgangur	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.9
Viðeigandi bestu, fánlegu tækni er beitt	j/n	Allir matvæla- og drykkjarvöru-framleiðendur	Þessi vísir sýnir hvort matvæla- og drykkjarframleiðendur beita viðeigandi bestu, fánlegu tækni. Matvæla- og drykkjarframleiðendur skulu meta mikilvægið samkvæmt umhverfisrýni á starfsemi þeirra og viðeigandi umhverfisþætti og -álag sem greinist. Í matinu skal taka tillit til sértækrar stærðar/skilyrða í starfsemi og vinnslu fyrirtækisins.	Fyrir hvern framleiðslustað	Losun	Umhverfisárangri sem er innan bestu 10% af hverju tengdu styrkbili fyrir losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (BAT-AE(P)L), sem eru skilgreind í tilvísunarskjali um bestu fánlegu tækni í matvæla-, drykkjar- og mjólkuriðnaðinum (FDM BREF), er náð.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.10

FYRIRTÆKI SEM VINNA KAFFI (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.83)

Varmaorka notuð í brennslustarfsemi	kWh/tonn af grænu kaffi sem er brennt	Fyrirtæki sem vinna kaffi	Hitunarorka sem er notuð (t.d. jarðgas, própan) til brennslu, deilt með fjölda tonna af grænu kaffi sem er brennt. Þetta er hægt að reikna út fyrir hverja framleiðslulotu af kaffi sem er brennt eða fyrir tímabil (t.d. dagur, vika, mánuður)	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni Losun	Forhitunarkerfi fyrir grænt kaffi er til staðar.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.2.1
-------------------------------------	---------------------------------------	---------------------------	---	-----------------------------	--------------------	--	--

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
-------	--------------------	------------------	--------------	------------------------	---	------------------	--

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA ÓLÍFUOLÍU (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.41)

Vatnsnotkun við skiljun ólífuolíu	l af vatni/tonn af ólífum sem eru unnar l af vatn/l af ólífuolíu sem er framleidd	Fyrirtæki sem framleiða ólífuolíu	Magn vatns sem er notað við skiljun ólífuolíu (l), deilt með þyngd unninna ólífa eða rúmmáli framleiddrar ólífuolíu	Fyrir hvern framleiðslustað	Vatn	Minna en 50 l (5%) af vatni er notað við skiljun ólífuolíu á hverja 1000 l af framleiddri ólífuolíu.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.3.1
Vatn er notað til að þvo ólífurnar við viðtöku	l af vatni/tonn af ólífum sem eru unnar	Fyrirtæki sem framleiða ólífuolíu	Vatnsmagn sem er notað til að þvo ólífurnar við viðtöku (l), deilt með þyngd unninna ólífa (tonn)	Fyrir hvern framleiðslustað	Vatn	Að því er varðar ólífur sem eru afhentar hreinar er ekkert vatn (0 lítrar) notað til að þvo ólífurnar við viðtöku.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.3.2

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA GOSDRYKKI (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 11.07)

Orkunotkun til blásturs/þurrkunar	kWh/l	Fyrirtæki sem framleiða gosdrykki	Orka sem er notuð (kWh) til blásturs/þurrkunar, deilt með magni (l) vöru sem er framleitt	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.4.1
-----------------------------------	-------	-----------------------------------	---	-----------------------------	-----------	---	--

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA BJÓR (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 11.05)

Heildarorkunotkun meðan bruggun stendur yfir	MJ/hl	Fyrirtæki sem framleiða bjór	Orka sem er notuð (varmi og rafmagn), deilt með magni bjórs sem er framleiddur (hl) á tilteknu tímabili. Hægt er að reikna hana út aðskilið fyrir rafmagn og varma.	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	Kerfi til að forhita maltvökva með endurheimtum varma úr þéttingu maltvökvagufu er sett upp.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.5.1, 3.5.2
--	-------	------------------------------	--	-----------------------------	-----------	--	---

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Uppgufunarhraði meðan maltvökvasuða stendur yfir	%	Fyrirtæki sem framleiða bjór	Uppgufunarhraði (í %) í maltvökvasuðu er reiknaður út sem: $100 - (\text{rúmmál eftir suðu} \times 100 / \text{rúmmál fyrir suðu})$	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	Uppgufunarhraði meðan maltvökvasuða stendur yfir er minni en 4%.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.5.1
Vatnsnotkun í bjórframleiðsluferlinu	hl vatn/hl bjór	Fyrirtæki sem framleiða bjór	Vatnsnotkun (hl) í framleiðsluferlinu, deilt með magni bjórs sem er framleiddur (hl) á tilteknu tímabili	Fyrir hvern framleiðslustað	Vatn	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.5.2
Hlutfall koltvísýrings sem er endurheimtur úr gerjun	%	Fyrirtæki sem framleiða bjór	Magn koltvísýrings sem er endurheimt meðan bjórframleiðsla stendur yfir í gerjunarkerjum/-ílátum, kerjum til þroskunar og kerjum fyrir síðan bjór	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni Losun	Kerfi, sem endurheimtir a.m.k. 50% af koltvísýringnum sem myndast meðan gerjun stendur yfir, er innleitt.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.5.3

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA KJÖT OG AFURÐIR ÚR ALIFUGLAKJÖTI (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.13)

Heildarorkunotkun til kjötvinnslu	kWh/kg af vöru	Fyrirtæki sem framleiða kjöt og afurðir úr alifuglakjöti	Orkunotkun til vinnslu á kjöti og alifuglakjöti sem kWh, deilt með magni (kg) af unnu kjöti	Fyrir hvert vinnsluferli	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.6.1
Orkunotkun í háþrýstivinnslu	kWh/hringrás unninnar vöru kWh/kg af vöru	Fyrirtæki sem framleiða kjöt og afurðir úr alifuglakjöti	Orkunotkun í háþrýstivinnslu til gerilsneyðingar- og eldunarferlis	Fyrir hvert vinnsluferli	Orkunýtni	Háþrýstivinnsla (eigin eða útvistuð) er notuð til að meðhöndla hentugar kjötafurðir (eldaðar vörur, verkaðar og eldaðar vörur og hrásaltaðar o.s.frv.).	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.6.1

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
-------	--------------------	------------------	--------------	------------------------	---	------------------	--

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA ÁVAXTASAFA (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.32)

Nýtingarhlutfall ávaxtaleifa	%	Fyrirtæki sem framleiða ávaxtasafa	Heildarmagn (þyngd) ávaxtaleifa sem er notað til að endurheimta verðmætar afurðir (t.d. pektín, ilmkjarnaolíur) sem fóður eða sem meðundirstöðuefni í stöð fyrir loftfirrða meltun, deilt með heildarmagni ávaxtaleifa	Fyrir hvern framleiðslustað	Úrgangur	Allar ávaxtaleifar (100%) eru notaðar til að endurheimta verðmætar afurðir (t.d. pektín, ilmkjarnaolíur) sem fóður eða sem meðundirstöðuefni í stöð fyrir loftfirrða meltun.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.7.1
------------------------------	---	------------------------------------	--	-----------------------------	----------	--	--

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA OST (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.51)

Hlutfall heildarþur-refnisvigtar fram-leiddrar mysu sem er endurheimt til notkunar í vörur sem eru ætlaðar til manneldis	%	Fyrirtæki sem framleiða ost	Magn (þyngd) þurrefnis sem er endurheimt úr mysu, sem verður til við framleiðslu á osti, sem er notað í vörur sem eru ætlaðar til manneldis, deilt með heildarmagni þurrefnis sem er endurheimt úr mysu	Fyrir hvern framleiðslustað	Úrgangur Losun	Mysa er endurheimt og meðhöndluð frekar til að fá aðrar vörur til manneldis, byggt á eftirspurn á markaði. Umframmysa er notuð í staðinn fyrir fóður eða í loftfirrða meltun.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.8.1
--	---	-----------------------------	---	-----------------------------	-------------------	---	--

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA BRAUÐ, KEX OG KÖKUR (KÓÐAR ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 10.71 OG 10.72)

Þátttaka sölustaða í skilakerfum sem fyrir eru	%	Fyrirtæki sem framleiða brauð	Fjöldi sölustaða (verslanir sem selja brauð sem bakaríð framleiðir) sem taka þátt í brauðskilakerfinu, deilt með heildarfjölda sölustaða sem selja brauðið sem bakaríð framleiðir.	Fyrirtæki	Úrgangur	Allir sölustaðir (100%), sem selja brauðið sem bakaríð framleiðir, taka þátt í viðeigandi brauðskilakerfi fyrir óselda brauðið.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.9.1
--	---	-------------------------------	--	-----------	----------	---	--

Vísir	Sameiginleg eining	Helsti markhópur	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísibendir í samræmi við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun	Tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
Orkunotkun í bökunarferli	kWh/t af bakaðri vöru kWh/t af mjöli sem er notað kWh/m ² af bökunarsvæði (yfirborð ofns)	Fyrirtæki sem framleiða brauð, kex og kökur	Orka sem er notuð (t.d. rafmagn) meðan bakstur stendur yfir, deilt með magni vörufrálags, innihaldsefnaflags eða bökunarsvæði	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.9.2

FYRIRTÆKI SEM FRAMLEIÐA VÍN (KÓÐI ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUSAMBANDSINS 11.02)

Vatn samtals sem er notað í víngerðarhúsinu	l af vatni/l af víni sem er framleitt	Fyrirtæki sem framleiða vín	Vatn samtals sem er notað á tilteknu tímabili (t.d. árlega, mánaðarlega, á uppskerutímabilinu) í víngerðarhúsinu, mælt í lítrum, deilt með magni víns sem er framleitt (l). Einnig er hægt að mæla vatn, sem er notað, á vinnslustiginu.	Fyrir hvern framleiðslustað	Vatn	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.10.1
Myndun lífræns úrgangs í víngerðarhúsinu	kg/l af víni sem er framleitt	Fyrirtæki sem framleiða vín	Myndun lífræns úrgangs í víngerðarhúsinu á tilteknu tímabili (t.d. árlega, mánaðarlega, á uppskerutímabilinu), mælt í kg, deilt með magni víns sem er framleitt (l).	Fyrir hvern framleiðslustað	Úrgangur	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.10.1
Orka sem er notuð í víngerðarhúsinu	kWh (varmi)/l af víni sem er framleitt kWh (rafmagn)/l af víni sem er framleitt	Fyrirtæki sem framleiða vín	Orka (varmi og rafmagn) í kWh, sem er notað í víngerðarhúsinu á tilteknu tímabili (t.d. árlega, mánaðarlega, á uppskerutímabilinu), deilt með magni víns sem er framleitt (l)	Fyrir hvern framleiðslustað	Orkunýtni	—	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.10.1